

Ed.

321. Frumvarp til laga

[160. mál]

um breyting á lögum nr. 19 4. nóvember 1887, um aðför.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78.)

1. gr.

46. gr. 2. málsg. laganna orðist svo:

Réttur samkvæmt fjárnámsgerð í fasteign og skráningarskyldu skipi er háður þinglýsingu samkvæmt þinglýsingalögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er flutt samfara frv. til þinglýsingalaga. Í því frv., sbr. einkum V. og VI. kafla þess, er gert ráð fyrir því, að réttindi yfir þeim eignum, sem greinir í 1. gr. frv. þessa, séu háð þinglýsingu, þ. á m. þegar til réttinda er stofnað fyrir aðför. Þykir því rétt að leggja til, að 46. gr. aðfararlaganna sé breytt til samræmis við þær reglur, sem fram koma í frv. til þinglýsingalaga.